


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÐRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

Extra



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmil

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnumum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Auglýsinguna hans **Rúnars Inga** má finna á www.runaringi.com en það er íslenska hjómsveitin Lockerbie sem sér um tónlistina.



RÚNAR INGI Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 040785.
Uppáhaldsmatur: Kjótsúpa.
Uppáhaldsleikstjóri: Paul Thomas Anderson og Darren Aronofsky.
Draumaleikarinn til að leikstýra: Þorvaldur Davíð Kristjánsson.
Versta kvikmynd sem ég hef séð: Ég fór á Muppets nýlega og hún kemst allavega nálægt því.



Mynd/Árni Staðberg

Draumur fyrir mann í minni stöðu

Rúnar Ingi Einarsson leikstýrði auglýsingu fyrir samstarfsverkefni íþróttarisans Nike og Össurar. Með aðalhlutverkið fór íþróttakonan Sarah Reinertsen.

„Þetta var mikil keyrsla, við tókum upp á fjórum tókustöðum á einum degi og þá hjálpaði til að vinna með svona fagmanni eins og Söruh,“ segir Rúnar Ingi Einarsson sem leikstýrði auglýsingu fyrir samstarfsverkefni stórfyrirtækisins Nike og stoðtækjaframleiðandans Össurar sem birt var á dögunum. Með aðalhlutverk auglýsingarinnar fer íþróttakonan Sarah Reinertsen sem hleypur með gervifót frá Össuri. „Það var náttúrulega rosa skemmtilegt að vinna með henni enda er hún stórmerkilegur íþróttamaður. Það sem hún hefur afrekað þrátt fyrir fötlun sína er ótrúlegt. Hún var til dæmis fyrsta konan með gervifót til að klára Ironman-þriðrautina og svo tók hún meira að segja þátt í raunaveruleikabáttunum Amazing Race. Við lögðum strax upp með að sýna hennar karakter, hún er hvetjandi og lætur ekkert stoppa sig,“ segir leikstjórnin.

Rúnar Ingi starfar hjá Pegasus og hefur látið mikið að sér kveða í auglýsingagerð á undanföllum misserum. „Þetta var virkilega skemmtilegt ekki síst fyrir þær sakir að þetta var fyrsta íþróttauglýsingin sem ég geri. Þær snúast að miklu leyti um að vera kröftugar svo það var spennandi áskorun,“ segir Rúnar og kraftinn skorti Söruh augljóslega ekki. „Við létum hana til dæmis synda í Kleifarvatni af því að það er svo fánállega flottur staður en

þar var hitastigið hins vegar ekki nema fjórar gráður. Henni fannst það augljóslega erfitt en dembið sér út í þetta og eftir eina töku í þessum skítakulda bað hún sjálf um að fá að gera þetta strax aftur til að ná þessu nógu vel. Það er auðvitað bara draumur fyrir mann í minni stöðu.“

Fjölbreytnin er til góðs

Rétt eins og margir leikstjórar byrjaði Rúnar Ingi að fíka við stuttmyndagerð í grunnskóla. Þaðan lá leið hans í Verzlunarskóla Íslands og á þeim árum hóf hann að vinna við auglýsingagerð, sem aðstoðarframleiðandi og síðar sem framleiðandi innlendra og erlendra auglýsinga. „Þetta er í raun heimurinn sem ég hef lifað og hræst í síðan þá. Ég skil þetta tungumál mjög vel og þetta er sá miðill sem ég hef mestan áhuga á í dag, hvað sem síðan framtíðin ber í skauti sér. Mér finnst virkilega skemmtilegt við íslenska auglýsingagerð hvað hún er fjölbreytt og það eru margir mismunandi stílar í gangi. Sjálfur hef ég til dæmis leikstýrt auglýsingum sem eru allt frá því að vera kómik fyrir IKEA yfir í myrka ævintýramynd fyrir VR. Maður fær sem sagt að prófa ýmislegt og það hjálpar manni að finna sína eigin rödd.“

elg

Monitor mælir með

FYRIR FÁKLÆDDA

Vantar þig fót? Þá er tilvalið fyrir þig að skella þér á kílómarkað Spúútnik sem hefst í dag, 9. febrúar á Laugaveginum en þar getur þú verslað fatnað og töskur eftir þyngd. Heilt kíló af gúmmelaði kostar þar 4.900 krónur. Leyfðu hugmyndafluginu að ráða ferðinni og búðu til múnderingu sem fær fólk til að snúa sér við.



FYRIR FÓTBOLTAUNNENDUR

Fólk ýmist elskar eða hatar Manchester United og Liverpool og tilfinningar þeirra hörðustu eiga eftir að koma bersýnilega í ljós um helgina þegar þessi tvö lið mætast. Það er tilvalið fyrir stuðningsmenn liðanna að skella sér í Smárabíó þar sem leikurinn er sýndur í þrívídd og fá þannig leikinn svo gott sem beint í æð.

FYRIR PARTIDÝR

Um helgina fer úrslitakeppnin í Söngvakeppni Sjónvarpsins fram í Hörpu. Miðarnir á keppnina seldust upp á skömmum tíma en fyrir þá sem náðu ekki í miða er upplagt að húa í nokkra vini og halda alvöru íslenskt Evróvisjón-partí. Snakk, ídýfa og kaldir drykkir ættu að gera gæfumuninn og ekki er verra að setja upp keppni heima í stofu þar sem gískað er á hver standi uppi sem sigurvegari.



Vikan á ...

facebook



Nadia Katrín Banine

Dagur þrjú í rigningu og brjáluðu roki! Hvenær endar þetta. Ég bara spyr?

8. febrúar kl. 12:09



Hafsteinn Thor Gudjonsson

Hey guys! I just want to THANK EVERYONE

for all the great comments today's interview with Mbl. is. I REALLY appreciate all the great feedback and support. Doing this interview was a little bit of a gamble for me, because I didn't know what was going to come out. However, I am glad that I took the chance to open up. Love you. -Haff- :) 8. febrúar kl. 00:27



Ingólfur Þórarinnsson

Kominn heim eftir sérstaka ferð til DK með

Veðurguðunum. Lentum í ýmsum ævintýrum. Taxabilstjórinn hét t.d. Adel og var tyrki, hann spurði hvort hann ætti að biða eftir okkur meðan við spiluðum en ég svaraði: nevermind we'll find someone like you. Hann fattaði ekki brandarann. 6. febrúar kl. 19:01



Anna Svava

fitnar í úthverfum. 2. febrúar kl. 00:17

Feitast í blaðinu

Elín Björnsdóttir fer mikinn í leiklist í MH þar sem hún er báðum meg-in við tjöldin. >>>4

Ólöf Kristín og Víðir Þór leika aðalhlutverkin í söngleik Verzló í ár. >>>5

Stíllinn kíkti í fataskápinn hjá Þórhildi sem elskar að gramsa eftir fjársjóði. >>>6

Greta Salóme hefur spilað á fíðlu í 21 ár og á 2 lög í Evróvisjón um helgina. >>>8

Erna Dís fær klígju þegar hún hugsar um sund en fílar Gunnu Dís, kollega sinn. >>>14

Efst í huga Monitor

FIFA, fúsbóll og fullt af fjöri

Lengi hef ég haldið því fram að ég hafi ekki áhuga á fótþolta. Ég hef aldrei haldið með neinu liði, aldrei farið á leik, aldrei kysst bikar. Ég æfði að visu fótþolta fram að tíu ára aldri en lagði svo skóna á hilluna. Hætti á toppnum.

Í desember átti ég tuttugu og eins árs afmæli og þá splæstu nokkrir Púlara-vínir mínir í Liverpool-treyju handa mér. „Það er löngu kominn tími á þetta“ sögðu þeir. Þegar ég renndi mér í treyjuna gerðist eitthvað ótrúlegt. Gerviefnið féll eins og flís við rass. Öll þessi ár hafði ég haldið að ég væri einfaldlega ekki fótþoltastrákur! Hjartað tók kipp og ég endurfæddist.

Nú finnst mér allt í einu gaman í FIFA og fúsbóll. Nýjar dyr hafa opnast fyrir mér í félagslegum samskiptum. Ég var að missa af svo miklu! Það er gaman að tala um fótþolta. Það er gaman að tala illa um dómara og nota orða-grín eins og „Hvað var Reina eiginlega að reyna?!“ Ég varast þó að tala um hluti sem ég veit ekkert um. Ég reyni



að nálgast íþróttina af auðmýkt og forvitni. Viða leynast Pubquiz-seggir sem þrá ekkert heitar en að varpa ljósi á vanþekkingu manns á annarri deildinni í norska boltanum.

Tökum Jim Carrey í kvikmyndinni Yes Man okkur til fyrirmyndar. Segjum „Já!“ við tækifærum sem gefast og enduruppötum um sjálf okkur.

Virðingarfyllt, Eysteinn Sigurðarson, YNWA

Á auðvelt með að springa úr tilfinningum

Elín Björnsdóttir hefur haft í nógu að snúast undanfarið enda situr hún í stjórn leikfélagsins í MH auk þess sem hún fer með stórt hlutverk í sýningunni **Arkadía** sem verður frumsýnd á þriðjudaginn.

ELÍN BJÖRNSDÓTTIR

Hlutverk: Hanna Jarvis.
Fyrstu sex: 250692.
Uppáhaldsleikari: Heath Ledger.
Uppáhalds Disney-persóna: Mushu í Múlan.

Á auðvelt með að springa úr tilfinningum

Elín Björnsdóttir hefur haft í nógu að snúast undanfarið enda situr hún í stjórn leikfélagsins í MH auk þess sem hún fer með stórt hlutverk í sýningunni *Arkadía* sem verður frumsýnd á þriðjudaginn.

Um hvað er leikritið?

Leikritið gerist á stóru sveitasetri, Sidley Park, í Englandi og þar er sagt frá heimilisfólkinu og vinum og vandamönnum á tveimur mismunandi tímum, tímabilinu 1809-1812 og svo í nútímanum. Í fortíðinni er sagt frá Thomasínu sem er að reyna að fá svör við öllu og fær hjálp frá einkakennara sínum til þess. Í nútímanum kemur svo Hanna Jarvis sem gestur á sama sveitasetur og hún vill komast að því hvað gerðist á tímum Thomasínu. Tímarnir tveir tvinnast mikið saman með öllum sínum ástum og örlögum.

Hver er meginmunurinn á þessum tímum?

Klæðnaður og málfar er aðalmunurinn og svo virðist sem fólk í dag leyfi sér að vera með miklu meiri yfirgang.

Hvernig týpa er þinn karakter?

Hanna er rithöfundur og mjög sjálfstæð kona sem lætur ekki vaða yfir sig. Hún er líka köld og hrokafull en er samt full af tilfinningum.

Áttu eitthvað sameiginlegt með henni?

Mér finnst við rosalega ólíkar. Ég er sjálf algjört tilfinningaflóð og á auðvelt með að springa úr tilfinningum en ekki svo mikið hún. En það er gaman að leika einhvern sem er ólíkur manni. Það eru allir tilfinningaverur þó hún sýni það ekki.

Þú varst líka með í sýningu MH fyrir tveimur árum sem var spunasýning. Hvort finnst þér skemmtilegra að spinna eða leika eftir handriti?

Það er rosalega ólíkt. Ferlið er allt öðruvísi. Maður fer strax að leika eftir handritinu en í spunanum er maður alltaf að fíkra sig nær og nær lokaútkomunni með því að búa til spunaatriði sem eru svo sett saman.

Hefur þú alltaf haft áhuga á leiklist?

Já, allavega alveg síðan ég tók þátt í Sönglist í Borgarleikhúsinu þegar ég var 8 ára. Ég hef mjög mikinn áhuga á leiklist og finnst gaman að pæla í öllu sem því tengist.

Sérðu sjálfa þig gera meira með hana?

Það er aldrei að vita. Ég sé mig allavega vera eitthvað í kringum leiklist þó ég verði ekki endilega leikkona.

Áttu þér uppáhaldsleikrit?

Mér finnst flestallar sýningar sem Vesturport setur á svið vera flottar og þar standa upp úr *Rómeó* og *Júlía* og *Faust*.

Þú ert líka í nefndinni sem skipuleggur leiksýninguna. Hvernig er það að vera svona báðum megin við tjöldin?

Þetta er algjör hvirfilbylur. Það er svo mikið að gerast. En þetta er ótrúlega gaman og mikil og góð reynsla. Við höldum utan um leiklistarnámsskeiðin í skólanum og svo vinnum við náið með leikstjóranum.

Og það er hann Orri Huginn Ágústsson, ekki satt?

Jú og það er svolítið skemmtilegt að segja frá því að mamma hans, hún Kolbrún Halldórsdóttir, er að leikstýra MR-sýningunni en þau munu sýna hér í Norðurpólnum, líkt og við. Þannig að hér ríkir mikil fjölskyldustemming og allir eru miklir vinir.

Hvers vegna ætti fólk að skella sér á Arkadíu?

Fyrst og fremst vegna þess að þetta leikrit hefur aldrei áður verið sett upp á Íslandi. Sýningin er líka mjög áhugaverð, sniðug, fyndin og leikararnir eru allir mjög góðir. Andinn er líka frábær og fólk mun smitast af honum.

ARKADÍA

Menning
í menntu

Ástfangin á sviðinu

Þetta árið setur Verzlunarskólinn upp söngleikinn sígilda um **Bugsy Malone**. Víðir Þór og Ólöf Kristín fara með aðalhlutverk í sýningunni sem sýnd er í Austurbæ.

ÓLÖF KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR

Fyrstu sex: 070393.
Hlutverk: Blousy Brown.
Uppáhaldsleikari: Halldór Gylfason.
Uppáhalds Disney-persóna: Tímon.

VÍÐIR ÞÓR RÚNARSSON

Hlutverk: Bugsy Malone.
Fyrstu sex: 260991.
Uppáhaldsleikari: Morgan Freeman og Denzel Washington.
Uppáhalds Disney-persóna: Móglí.

BUGSY MALONE

Menning
í menntu

Um hvað er leikritið?

🗨 Í grófum dráttum er það um Bugsy Malone og hvernig hann hjálpar Samma feita að losa sig úr klípunni sem hann kom sér í við Siggu sækö. Hann verður hrifinn af stelpu sem heitir Blousy Brown og vill fara með henni til Hollywood.

👉 Hún vill svo mikið verða söngkona og kvikmyndaleikkona. Hann vinnur sér því inn pening hjá Samma.

🗨 Þannig að þetta er svona lítil ástarsaga líka.

Hvernig týpur eru persónurnar ykkar í sýningunni?

🗨 Blousy er svolítið dramatísk. Hún vill virðast sterk og hörð þó hún sé mjög ljúf inn við beinið. Hún dregur upp klærnar þegar hún vill ekki verða særð.

👉 Bugsy er fátækur kvennabósi sem er góður með sig. Hann er góður við stelpurnar og hefur gaman af athyglinni frá þeim.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt með þeim?

👉 Nei, reyndar ekki. Það hafa allir gaman af athygli frá stelpum en ég held að ég sé ekkert betri en margir aðrir í því.

🗨 Ég get ekki sagt það. Ég er minnst dramatískasta manneskja sem hægt er að finna, sérstaklega miðað við stelpu.

Fóruð þið í Verzló bara út af söngleikunum?

🗨 Ef ég á að vera alveg hreinskilin þá voru þeir svona 90% af ákvörðun minni.

👉 Það var ekki raunin hjá mér. Ég áttaði mig ekki á því að ég gæti þetta fyrr en í fyrra þegar ég tók þátt í Draumnum. Ég þorði ekki sjálfur að skrá mig heldur var það vinkona mín sem gerði það.

En hafið þið alltaf haft áhuga á leik og söng?

👉 Ég áttaði mig ekki á því að ég gæti leikið fyrr en núna bara í Bugsy en ég hef alltaf haft gaman af því að syngja og geri mikið af því í sturtunni, í bílnum og svo örugglega of mikið af því í tíma.

🗨 Ég var í Sönglist mjög lengi og var í Skilaboðaskjóðunni í Þjóðleikhúsinu og Kardemommubænum og svo tók ég líka þátt í Annie fyrir langa löngu. Svo tala ég alltaf og syng fyrir Sollu Stirðu í Latabæ á íslensku, talaði inn á Ísöld og Lilo og Stitch. Þannig að ég er búin að vera í ýmsu.

Þú veist sumsé alveg hvert þú ert að stefna?

🗨 Já, leikur og söngur verður örugglega einhver partur af því sem ég geri í framtíðinni.

En þú, Víðir?

👉 Ég væri alveg rosalega til í að gera eitthvað varðandi söng eða leiklist. Ég held ég fari samt ekki í skóla sem er því tengdur vegna þess að ég hef líka mikinn áhuga á viðskiptum og verkfræði en það væri gaman að hafa þetta til hliðar.

Hvers vegna á fólk að skella sér á Bugsy Malone?

👉 Til að upplifa frábært kvöld af skemmtun. Fólk getur hlegið mikið, séð góðan leik og vel flutta tónlist. Við erum auðvitað með lifandi hljómsveit sem spilar öll lögina, svo það er mjög gaman. Gunni Helga gerir vel í leikstjórninni og dansarnir hennar Stellu Rósenkranz eru frábærir.

🗨 Já, þetta er fyndin og bráðskemmtileg sýning sem fólk má ekki missa af. Eins týpískt og það hljómar. Hún hæfir öllum, ég hef heyrt bæði í gömlu fólk og ungum krökkum sem elskuðu þetta.



NÝJASTA

Nýjasta viðbótin við fataskápin eru þessi ökklastígvél frá Jeffrey Campbell og hvítur silkijóll sem ég fékk á spottprís á útsölu í síðustu viku.

FLOTTASTA

Fallegasta flíkin mín er án alls vafa hvíti plíseraði síkjóllinn minn úr Rokki og rósum. Ég hef ekki hugmynd um hvenær ég fæ tækifæri til að klæðast honum, en þangað til fær hann hanga á góðum stað.



ELSTA

Svarti pelsinn. Þennan pels átti amma mín heitin og hann er mér mjög kær. Ég hef átt hann í 15 ár, eða síðan ég var 6 ára gömul.



Elskar að gramsa eftir fjársjóði á flóamörkuðum

UPPÁHALDS

Gula leðurkápan. Þegar ég fann þessa kápu á flóamarkaði í New York var það ást við fyrstu sýn. Hún er alveg einstök og ég elska hana.



Þórhildur Þorkelsdóttir útskrifaðist úr Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 2010 og vinnur nú í tiskubúðinni Rokki og rósum á Laugarveginum. Þórhildur hefur mikið yndi af tisku og fékk **Stíllinn** að kíkja í fataskápin hennar þessa vikuna.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í nokkrum orðum? Hann er svona rómantískur og rokkaður í bland, gamaldags, dömulegur og svo fer hann líka bara eftir skapi dagsins.

Áttu þér fyrirmynd hvað varðar tisku og fataval? Enga sérstaka fyrirmynd nei, en ég fæ mikið af hugmyndum þegar ég skoða myndir af þessum helstu tiskuskvísium í blöðum og á Netinu. Svo hef ég mjög gaman af því að skoða gamlar myndir af t.d. Audrey Hepburn og Jane Birkin.

Hvar verslar þú helst fötin þín? Aðallega erlendis. Ég elska stóra flóamarkaði þar sem hægt er að gramsa endalaust eftir fjársjóðum og hef komist í feita svoleiðis í NY, London og Bangkok. Topshop í London er náttúrulega líka algjör snilld. Hér heima versla ég eiginlega bara í Rokki og rósum, og svo Kronkron og GK ef fjármagn leyfir, þar er alltaf eitthvað fallett. Ég er líka ágætlega dugleg við að versla á Netinu.

Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig upp? Mér finnst endalaust gaman að klæða mig upp og er eiginlega alltaf svolítið fin. Ætli ég líti ekki bara á hvern dag sem mismunandi tilefni til að klæða mig upp. Hvort sem það er útilega eða leikhúsférf.

Hvaða snyrtivara gætir þú ekki verið án? Góðs rakakrems og bláa maskarans míns.

Hvert er þitt uppáhaldstískutímabil? Ég elska late 60's og allt við 70's tiskuna og tímabilið.

Hvaða hönnuð myndir þú velja til að hanna brúðarkjólinn þinn? Elie Saab! Kjólarnir hans eru guðdómlegir.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar? Svartan punkt undir stóru tá.

SKRÍTNASTA

Án vafa þessir skór frá Jeffrey Campbell. Þeir eru svo skrítnir í laginu en það er mjög þægilegt að ganga á þeim, ótrúlegt en satt.

BESTA

Mokkajakkinn minn sem ég fékk hjá konunni í horninu í Kolaportinu. Hann er svo hlýr og skemmtilega 70's, poppar upp hvaða áftitt sem er.





1998

Hér er Nicole aðeins sautján ára, með demant í nefinu, röndótt hár og í típískum bleikum '90 kjól.



2000

Nicole er sérlega hallærisleg hér á viðburði í New York, einnig er hún þykkari en við erum vön að sjá hana.



2003

Hér er skvísan á Billboard-hátíðinni árið 2003 í hræðilega ljótum kjól og ekki eru skórnir betri.



2012

Þessi mynd var tekin af Nicole fyrir aðeins nokkrum dögum síðan og lítur hún betur út en nokkru sinni fyrr.

Nicole er mikið fyrir hippalúkkið og hér er hún stórglæsileg í Elle Moss-kjól og með flotta fiskifléttu við.

ALDREI litið betur út

Stíllinn fór yfir tískubreytingar skvísunnar Nicole Richie.

Hin fallega Nicole Richie er fræg fyrir að vera dóttir söngvarans Lionel Richie, en þó er hún eflaust frægari fyrir að vera vinkona hótelerfingjans og partístúlkunnar Parisar Hilton. Síðastliðin ár hefur Nicole þó verið þekkt fyrir flottan og töffaralegan fatastíl en þó tók það hana nokkrar tilraunir að finna rétta fatastílinn. Stíllinn fór yfir fatastíl Nicole frá árinu 1998 til ársins 2012.



2006

Skvísan fór of langt í megruninni og hér er hún orðin allt of horuð, en þó er stíllinn hennar glæsilegur.



2007

Ári síðar lítur hún mun betur út og orðin ólétt. Enn er stíllinn glæsilegur.



2005

Hér hefur hún tekið miklum breytingum, klippti hárin, tók strípurnar og grenntist heilmikið.

2009

Hér er Nicole í fallegum Marc Jacobs-kjól á viðburði í New York og búin að líta hárin dökkt.



2008

Nicole leit mjög vel út eftir barnsburðinn og hér er hún gullfalleg í Reem Acra-kjól á viðburði í Hollywood.



Stíllinn hennar klikkar nánast ekki þegar hingað er komið, hér er hún aftur ólétt og lítur gríðarlega vel út.



2010



2011

Er enn að glíma við spurninguna

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Mosfellurinn Greta Salóme Stefánsdóttir hefur í nógu að snúast þessa dagana en ásamt því að vera í fullu starfi sem fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands á hún tvö lög sem keppa til úrslita í Söngvakeppni Sjóvarpsins þann 11. febrúar næstkomandi. Lögin heita Aldrei sleppir mér og Mundu eftir mér. Greta Salóme er þó von því að vera önnur kafin enda segist hún hafa þann kæk að hlaupa alltaf milli þeirra staða sem hún þarf að komast á til að spara tíma. „Ég held að ég hafi jafnvel sparað mér nokkra daga yfir ævina með því,“ segir hún og hlær.

Þú ert skírð Greta, verður þú pirruð þegar fólk skrifar nafnið þitt með bókstafnum É? Nei, ég er búin að sjá nafnið mitt stafað á ótrúlegan hátt í gegnum tíðina en það besta sem ég sá var „Grétar Salómon“. Ég veit ekki hvort það var djók eða bara svona stór misskilningur en ég verð ekki pirruð. Hins vegar heiti ég Greta í höfuðið á frænku minni og Salóme í höfuðið á Salóme Þorkels fyrrverandi forseta Alþingis þannig að ég heiti náttúrulega Greta Salóme og nota alltaf bæði nöfnin.

Hvers vegna fórst þú að læra á fiðlu? Var Sigrún Eðvalds aðalfyrirmyndin þín þegar þú varst lítil?

Ég var fjögurra ára þegar ég byrjaði í Suzuki-námi á fiðlu þannig að ég man ekkert eftir mér öðruvísi en spilandi á fiðlu og syngjandi. Þegar ég var að læra var Sigrún örugglega bara um það bil að koma til landsins aftur og byrja að spila. Auðvitað hefur hún verið á meðal fyrirmynda enda einn besti fiðluleikari sem við höfum átt. Hún er einmitt kennarinn minn í dag.

Þú ert stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.

Stundaðir þú félagslífið í MR eða fór allar þínar tími í fiðluna og líkamsrækt? Ég tók MR og Listaháskólann á sama tíma þannig að þetta voru allsvakaleg ár. Ég var samt mjög virk í félagslífinu í MR og líka í Listaháskólanum. Ég hef ekki hugmynd um hvernig ég fór að þessu en ég mætti á allt og var alls staðar eitthvað að gera. Ég var sífellt að skjótast á litla Polo-inum mínum á milli Listaháskólans og MR nokkrum sinnum á dag, hljóp úr tónbókmenntum í latínu. Ég var sem sagt á formálbraut.

Þú ert á kaf í crossfit-æfingum. Hefur þú alltaf verið mikið í íþróttum?

Ég hef alltaf verið mikið á hreyfingu og æfði til dæmis frjálsar þegar ég var lítil og var í samkvæmisdönsum. Ég byrjaði að æfa sjálf á fullu þegar ég var í 5. bekk (þriðja ári) í MR. Þá byrjaði ég að taka þetta af alvöru. Síðan bjó ég úti í Flórída í eitt ár og var mjög dugleg þar að stunda alls konar íþróttir og þegar ég flutti heim árið 2008 þá byrjaði ég í Boot Camp. Ég var í því í tvö ár þar til ég byrjaði í crossfit. Ég er alveg heltekin af þessu.

Spilar þú einhvern tímum á fiðluna á meðan þú gerir kvíðæfingar eða einhverjar aðrar æfingar? Það er náttúrulega hörkulíkamsrækt að spila á hljóðfæri. Að halda fiðlunni uppi í fimm tíma á dag er meira en að segja það því þetta er mjög óeðlileg líkamsstaða og það

HRAÐASPURNINGAR

Fyrstu sex: 111186.

Upphaldsmatur: Humarsúpa.

Upphaldsstaður í heiminum: Laugarvatn.

Upphaldslag í Eurovision frá upphafi:

Nocturne, lag sem Noregur var með einhvern tímann. Það er mikið fiðlulag, fallett og ævintýralegt.

Upphaldsæfing í crossfit: Clean.

Æskuátrúnaðargoð: Það var Vanessa May, þó bara í stuttan tíma. Hún er svona fiðlurokkgella,



eru margir sem glíma við álagsmeiðsli og svo framvegis. Ég bý samt rosalega að því að vera mikið á hreyfingu því það hjálpar mikið til upp á úthaldið og svona. Ég er samt yfirleitt ekki að taka ólympískar lyftingar á meðan ég spila á fiðluna (hlær).

Það mætti segja að þú værir alltaf á hlaupum, ekki satt? Jú, ég er einmitt með þann kæk að ég hleyp alltaf á milli staða og hef gert það síðan ég var lítil. Ég held að ég hafi jafnvel sparað mér nokkra daga yfir ævina með því. Ég hleyp úr bílum og inn til mín þegar ég kem heim, hleyp milli herbergja heima hjá mér og svoleiðis.

Hvort leggur þú meira upp úr því að vera í góðu líkamlegu formi eða góðu spilaformi hvað varðar fiðluna?

Vinnan mín byggist öll á því að vera í góðu spilaformi þannig að ég myndi að sjálfsögðu leggja það í fyrsta sæti þar sem ég hef unnið að því í 21 ár núna. Ég held að það sé frekar augljós valkostur. Ég gæti hins vegar ekki ímyndað mér að vera hreyfingarlaus.

Átt þú þér einhver markmið í crossfit? Crossfit byggist í raun á persónulegum markmiðum. Sem stendur er ég ekki í alvarlegum keppnishugleiðingum í íþróttinni, keppnishugleiðingar mínar þessa stundina tengjast öðru sviði. Þetta er rosalega skemmtilegt sport upp á það að gera að það geta allir keppt í því. Ég hef keppt dálítið hérna heima og mér finnst það rosalega gaman. Það sem háir mér dálítið er að ég er alltaf á flandri, ég á erfitt með að setja niður ákveðinn æfingatíma í crossfit. Það getur verið erfitt að æfa í kringum vinnuna mína.

Keppnishugleiðingar þínar í dag tengjast væntanlega Eurovision. Horfðir þú á Selmu Björns lenda í 2. sæti í keppninni sem 13 ára stelpa árið 1999 og ákvaðst að þetta ætlaðir þú að gera einn daginn? Ég er ekki þetta týpíska Eurovision-nörd, ég held að ég sé bara týpískur Íslendingur. Það horfa allir á þetta hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki, Eurovision kemur einu sinni á ári hvort sem fólk líkar betur eða verr. Ég hef auðvitað horft á þetta síðan ég var krakki og mér finnst gaman að sjá svona mikið af nýjum lögum í einni bunu einu sinni á ári. Ég man sérstaklega eftir Selmu af því að mér fannst það þrusufloft lag og hún skilaði því svo ótrúlega vel. Fyrir tónlistarmann er æðislegt að fá svona tækifæri til að sýna sig, ekki bara sem flytjanda heldur líka sem lagahöfund. Það er svona helsti draumurinn.

Þú ert

reyndar

fædd árið sem

Íslendingar tóku

þátt í Eurovision í

fyrsta skipti með framlagi

Icy-tríósins. Er það skrifað í

skýin að þú eigir að keppa

fyrir hönd Íslands? Ég veit

það ekki, ég hef nú reyndar

ekki þælt í þessu (hlær). Ég er

svo rosalega jarðbundin og lítil

hjátrúarmanneskja en ég held að

það verði bara að koma í ljós.

Þú hefur tekið áður þátt í Söngvakeppni Sjóvarpsins sem fiðluleikari á sviði. Hvað kom til að þú ákvaðst að senda inn lög eftir sjálfa þig núna?

Það sem gerði það að verkum var eiginlega bara það að ég var með tvö lög tilbúin. Þau voru tilbúin til útgáfu og útvarpsspilunar, þau voru í raun fullpróðuseruð þegar ég sendi þau inn í keppnina. Það var rosalega gott fólk sem hvatti mig til að geyma útgáfuna aðeins og senda þau frekar inn í keppnina. Ég íhugaði það vel og vandlega og ákvað að þetta væri ekki svo vitlaus uppástunga. Ég sé svo sannarlega ekki eftir því núna, þetta hefur verið frábær vettvangur til að koma tónlistinni sinni á framfæri.

Þú átt, sem fyrr segir, tvö lög í úrslitum á laugardaginn. Ef ég ætlaði að splæsa einu sms-i í símakosningunni, hvort lagið myndir þú vilja að ég flyt það en ekki hitt lagið.


Hvers vegna valdir þú að syngja einungis það?

Vegna þess að það er rosalega mikil vinna að vera bæði lagahöfundur og flytjandi og þótt ég hugsaði að ég gæti flutt bæði lögin langaði mig helst að leggja áherslu á annað frekar en bæði til að missa ekki fókus. Það var mun einfaldara að fara úr tríóinu en að fara úr dúettinum, þá hefði Jónsi væntanlega þurft að syngja þetta einn og það er kannski verra heldur en að fara úr tríóinu. Stelpurnar gera það líka frábærlega og ég treysti þeim fullkomlega fyrir því að skila þessu af sér tæ. Við ræddum þetta öll saman og þessi ákvörðun var tekin sameiginlega.

Síðast varst þú klædd í upphlut. Verður þú eins til fara á laugardaginn? Hvaðan kom sú hugmynd?

Já, ég verð eins klædd og í raun kom hugmyndin frá mér. Ég var búin að þæla mikið í því hvernig klæðnaður passaði best við þetta lag og þetta var hugmynd sem ég fékk og bar hana undir Rebekku Ingimundardóttur sem sér um leikstjórn atriðisins og búningahönnun. Hún tók vel í þetta og hannaði svo pilsíð og við leigðum upphlutinn sjálfan. Síðan var það Elma Bjarney klæðskerri sem saumaði pilsíð. Ég held að þetta hafi verið einföld en samt mjög góð lausn.





Tónlistin hefur verið í fyrsta sæti hjá **Gretu Salóme** frá því hún man eftir sér. Hún er þó líka á kafi í crossfit og gæti ekki hugsað sér að vera án hreyfingar. Hún sagði **Monitor** frá söngvakeppninni, kæknum sínum ásamt róandi áhrifum matreiðsluþátta.

/// Hann sagði við mig: „Ég veit alveg að þú getur spilað á draslið, en hvað vilt þú gera í tónlist, Greta?“


viðtalið

ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR:

Ef þú mættir velja hár úr hvaða hrossi sem er til að setja í fíðlubogann þinn, hvaða hross myndir þú velja? Ég myndi velja Sleipni. Hann var með átta hófa þannig að hann hlýtur að hafa verið með ótrúlega mikið af öllu og ég fengi því örugglega mörg góð hár í bogann minn.



Ef Anníe Mist grátbæði þig um að fá að syngja bakródd í laginu þínu, hverju myndir þú svara? Ég myndi biðja hana um að fara í sjómann og ef hún tapaði, þá fengi hún að syngja bakródd.



Ef þú yrðir að velja annaðhvort, hvort myndir þú frekar líta á þér hárið skærbleikt og halda því þannig næsta áratuginn eða að vera í kvartbuxum, sandölum og sokkum í hvert skipti sem þú kemur fram opinberlega til dauðadags? Bleikur er uppáhaldsliturinn minn þannig að þetta er mjög auðvelt. Ég myndi líta það bleikt og ég myndi reyna að „púlla það“ í áratug.

Það er klukkutími í útsendingu þegar Jónsi mótsöngvari þinn lendir í því að missa röddina gjörsamlega. Í hvern myndir þú hringja til að fá með þér í atriðið? Ég myndi bara kippa einhverjum sem væri á staðnum inn í atriðið, það væri minnsta vesenið. Ég myndi fá Magna til að gera þetta tvöfalt.

Það horfa allir á þetta hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki...



Er ekkert fyndin tilfinning fyrir sprenglærðan hljóðfæraleikara eins og þig að vera uppi á sviði að spila á hljóðfæri sem er ekki í sambandi við hljóðkerfið? Jú, það er það en ég er með smá prinsipp sem hljóðar þannig að ég spila ekki eitthvað uppi á sviði í svona keppni nema að ég hafi spilað það inn á upptökuna sjálf. Þetta er kannski aðeins löglegra, af því að ég spilaði þá hvort er það sem ég „mæma“ síðan uppi á sviði og ég samdi það líka svo mér finnst ég ekki vera að stela neinu. Þótt það heyrst ekki út í sal þá er ég samt líka alveg að spila línurnar uppi á sviði.

Hvenær vissir þú að þú gætir sungið og hvenær fórst þú að syngja opinberlega? Ég hef sungið heima hjá mér síðan ég var krakki. Mamma var söngkona svo við mægðurnar, sem sagt systir mín líka, vorum alltaf syngjandi og trallandi. Í raun hef ég því sungið alla tíð þótt fókusinn hafi alltaf verið á fíðlunni og þeim ferli. Hitt hefur setið á hakanum en ég hef samt sungið mikið í Gospelkór Óskars Einarssonar. Það var þar sem ég ákvað að ég vildi auka áhersluna á sönginn og í mastersnáminu mínu í LHÍ er ég líka í söngnámi. Ég læri „complete vocal technique“ hjá Þórhildi Örvarsdóttur. Hún hefur hvatt mig rosalega í þessa átt og hjálpað mér að leyfa þessu að hafa dálítið vægi hjá mér sem tónlistarmanni.

Þú ert í fullu starfi sem fíðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hvað finnst samstarfsfólki þínu þar um Eurovision almennt og þáttöku þína? Ég fæ þessa spurningu rosalega oft. Fólkið í Sinfó er búið að vera svo ótrúlega jákvætt og styðja mig svo vel, ég hef ekki fengið neitt nema jákvæð viðbrögð og í rauninni bara ótrúlega jákvæð viðbrögð. Þau hvetja mig því líkt áfram og mér hefur verið sýndur fullur skilningur frá þeim sem stjórna hljómsveitinni.

Nú hefur þú spilað á fíðlu í 22 ár og verið í námi úti um allar trissur. Manst þú hver besta ráðgjöfin sem þú hefur fengið er? Ég myndi segja að ein spurning sem ég fékk einu sinni sé þess eðlis að ég mun aldrei gleyma henni. Það gerðist bara núna 2010 í Skálholti, þar sem ég samdi einmitt lagið Mundu eftir mér. Þar var maður sem heitir Peter Renshaw sem er einn af aðalmönnum í frumkvöðlastarfsemi í tónlist. Hann var skólastjóri í Menuhin-skólanum sem framleiddi helstu undrabörn 20. aldarinnar í tónlist svo hann er af gamla skólanum en hefur fært sig út í frumkvöðlastarfseminu eftir að hann eltist, hann er um áttætt núna. Hann spurði mig spurningar sem ég er ennþá að glíma við að svara. Hann sagði við mig: „Ég veit alveg að þú getur spilað á draslið, en hvað vilt þú gera í tónlist, Greta?“ Þegar hann spurði mig að þessu varð mér ljóst að það hafði enginn spurt mig að þessu áður í gegnum allt mitt tónlistarnám. Spurningin kom dálítið flatt upp á mig af því að núna þurfti ég bara að finna út úr því hvað ég vildi gera í tónlist. Þessi tvö lög sem ég er með í Söngvakeppninni eru klárlega stór skref í áttina að því sem ég vil gera í tónlist.

Mér skilst að mamma þín, Kristín Lilliendahl, hafi gert barnalagið Ég skal mála allan heiminn ódauðlegt á sínum tíma. Ef þú vinnur um helgina, munt þú þá semja lag sem heitir Ég skal mála bæinn rauðan, elsku mamma? Það passar, hún söng þetta lag reyndar löngu áður en ég fæddist. Þegar ég kom í heiminn var reyndar dálítið síðan hún hafði lagt tónlistarferilinn hálfpartinn á hilluna og sneri sér alfarið að kennslu. Á móti einbeitti hún sér að því að ala okkur upp í tónlist frekar en sinna sínum tónlistarferli en hún er yndisleg söngkona og rosalegur lagahöfundur. Hún semur æðislega flotta texta sem ég hef nýtt í lögin mín. Það er aldrei að vita nema að maður semji eitthvað svoleiðis, jafnvel mála Baku rauðan (hlær). Annars veit ég það ekki, það verður bara að koma í ljós 11. febrúar.

Mér er sagt að þú sért von að horfa á matreiðsluþætti á Netinu þegar þú ert stressuð. Getur þú útskýrt það fyrir lesendum Monitor? Já, það er ótrúlegt hvað það róar mig. Dagarnir mínir eru þannig að ég er á hlaupum frá því ég vakna þar til ég sofna. Ég næ yfirleitt ekki að sinna öllu því sem ég þarf að sinna. Þegar ég kem heim eru yfirleitt svona tuttugu verkefni sem bíða mín þannig að þegar hlutirnir eru mjög svartir þá getur það róað mig að horfa á svona tíu mínútur af matreiðsluþætti eða þá bara að horfa á einhvern elda. Ég hef ekki hugmynd um hvers vegna þetta róar mig, það er eitthvað við það að horfa á einhvern dunda sér við eitthvað. Ég hef heyrt um fleiri sem nota þessa aðferð. Ég geri þetta þó ekki reglulega.

Ef þér yrði bannað með lögum að spila á fíðlu og fást við tónlist, hvað myndir þú þá taka þér fyrir hendur?

Ég hugsa að ég væri í lögfræði. Ég hef mikinn áhuga á lögfræði en ég hef ekki haft tímann til að sinna því og mun líklega aldrei fá tækifæri til þess. Ég væri pottþétt í einhverju svoleiðis.

Átt þú þér fimm ára plan?

Svona eins og Stalín (hlær)? Ég er ekki með svona stalínsk plön en næst á dagskrá er auðvitað bara keppnin þann 11. febrúar. Síðan er ég að útskrifast úr Listaháskólanum í vor með mastersgráðu og ég geri ekki ráð fyrir öðru en að ég haldi áfram að starfa við það sem ég er að gera og reyni að komast yfir þau verkefni sem eru í gangi eftir bestu getu. Ég vonast til að hella mér enn meira út í mitt efni og sjá hvert dagarnir leiða mann.

Átt þú við að sólóplata sé á leiðinni?

Við erum allavega tilbúin með efni sem þarf bara aðeins að vinna í. Ég held að það verði ekkert rætt fyrr en eftir 11. febrúar. Við tökum líklega stöðuna á því öllu þá.

FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.*

- A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.

* 50% ráðlagður dagsskammtur af A-, C- og E-vítamínum í 330 ml

Eingöngu
náttúruleg
A-, C- og E-
vítamín



Floridana
LIFÐU VEL!

FERILLINN



Samuel L. Jackson

Hæð: 188 sentimetrar.
Besta hlutverk: Jules Winnfield í Pulp Fiction.
Skrýtin staðreynd: Jackson vann sem dyravörður á Manhattan Plaza í New York í upphafi ferils síns.
Eitruð tilvitnun: Ég lít á sjálfan mig sem venjulegan áhorfanda. Ég elska að fara í bíó og ég fer enn þangað og sit aftast í dimum salnum með öllum hinum. Ég vil sömu spennu og ánægju og allir hinir.

1948 Fæddist þann 21. desember í Washington D.C. í Bandaríkjunum.

1969 Fer fyrir hópi nemenda sem halda stjórnarmönnum Morehouse-háskólans í gíslingu til að mótmæla stundaskrá skólans og stjórnun hans. Ósk þeirra um betri meðferð svartra nemenda varð að veruleika en Jackson sjálfur var ákærður fyrir glæp og rekinn úr skólanum.

1990 Leikur lítið hlutverk í Goodfellas og er staðgengill fyrir Bill Cosby í The Cosby Show þar sem hann stóð á setti á meðan myndavél- og ljós voru stillt.

1991 Lýkur meðferð í New York eftir fíkniefna- og áfengisvandamál.

1993 National Lampoon's Loaded Weapon 1 kemur út en þar leikur Jackson í fyrsta sinn í aðalhlutverki í kvikmynd.

1994 Tarantino fær Jackson til að leika Jules Winnfield í Pulp Fiction, en hlutverkið er sérstaklega skrifað fyrir Jackson. Jackson vinnur BAFTA-verðlaunin fyrir frammiðstöðu sína og er tilnefndur til Golden Globe og Óskarsins.

1996 Leikur faðir í A Time to Kill og er tilnefndur til Golden Globe fyrir besta leik í aukahlutverki.

1999 Leikur Jedi-meistarann Mace Windu í fyrsta kafla Star Wars: The Phantom Menace.

2004 Leikur ofurhetjuna Frozone í teiknimyndinni The Incredibles og er tilnefndur til Annie-verðlaunanna fyrir bestu talsetninguna.

2011 Nær efsta sæti listans yfir þá leikara sem hafa þénað mest á ferlinum.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Star Wars: Episode I: The Phantom Menace

Hér er fyrsti kafli Star Wars-ævin-týrisins, Episode I: The Phantom Menace, sýndur í fyrsta skipti í þrívídd. Hið illa viðskiptaveldi, sem Nute Gunray leiðir, áætla að taka völdin á plánetunni Naboo. Jedi-riddararnir Qui-Gon Jinn og Obi-Wan Kenobi eru sendir til að hitta leiðtogana.

En ekki fer allt eins og áætlað var. Jedi-riddararnir sleppa, ásamt vini þeirra frá plánetunni Gungan, Jar Jar Binks, og fara til Naboo til að vara drottninguna Amidala við yfirvofandi árás. En vélmenni hafa þá þegar hafið árásina og drottningin

Leikstjóri: George Lucas.
Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Frank Oz, Ian McDiarmid, Liam Neeson, Natalie Portman, Samuel L. Jackson, Terence Stamp, Jake Lloyd og Adrian Dunbar.
Lengd: 133 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó.

er ekki lengur örugg. Þau flýja og lenda á plánetunni Tatooine, og verða þar vinir ungs drengs sem nefnist Anakin Skywalker. Qui-Gon er forvitinn að vita meira um drenginn, og telur að hann eigi bjarta framtíð. Hópurinn verður núna að finna leið til að komast til Coruscant og til að leysa viðskiptadeiluna, en einhver felur

sig í skugganum.

Ætli hinir illu Sith-riddarar séu útdauðir? Er drottningin í raun sú sem hún segist vera? Og hvað er svona merkilegt við þennan unga dreng?

Aðrar frumsýningar: Safe House - Skrímsli í París - Hugo - Shame

FRUMSÝND FÖSTUDAGINN 10. FEBRÚAR

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á Star Wars, fylgstu með ... facebook.com/monitorbladi

TÖLVULEIKUR

Darkness 2

M M M M M

Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Take 2
Dómar: Gamespot 7 af 10 / IGN 8 af 10 / Eurogamer 7 af 10

Málaliði myrkursins

Þegar ég spilaði Darkness-leikinn leið mér eins og stúlku á skólaballi sem bíður eftir að vera boðið upp (ekki það að ég hafi upplifað það beint). Það fór því fiðringur um gamla þegar Darkness 2-leikurinn bauð mér upp í dans, en leikurinn er að koma út í vikunni.

Leikmenn fara líkt og í fyrri leikum í hlutverk Jackie Estacado sem er mafíuforingi í New York. Okkar maður hefur látið hin illu öfl myrkursins á hilluna, en þegar illmenni drepa kærustu Jackie, dettur vinur okkar í gírinn og gengur frá öllum á mjög skrautlegan máta. En það er ekki bara mafían sem Jackie þarf að berjast við því aldagömul samtök, The Brotherhood, ætla sér að ná í krafta myrkursins og svífast einiskis í þeim efnun.

Darkness 2 er fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn geta notað helling af dæmigerðum vopnum og meira að segja haldið á tveimur í einu (dual wield), en auk vopnanna bætast við kraftar myrkursins og eru þeir í formi tveggja auka arma sem geta rífið óvinina í sundur, borðað úr þeim hjörtun, gripið hluti og kastað þeim í óvini og margt fleira. Í gegnum leikinn geta leikmenn svo uppfært myrkríð og þróað það í þær áttir sem þeir kjósa.

Auk þess að geta spilað söguþráð leiksins er í Darkness fjögurra manna netspilun (co-op) þar sem leikmenn geta stýrt fjórum mismunandi persónum í hliðarsögu. Algjör snilldarviðbót við þennan frábæra leik.



Grafikín í Darkness 2 er með því svalara sem ég hef séð, en hún er í þeim stíl sem við þekkjum úr has-arblöðum. Leikurinn er mun litríkari en sá fyrri og fáránlega brútal. Talsetning og tónlist leiksins er til mikillar fyrirmyndar og ná framleiðendur hans að skapa góða spennu og gera persónur trúverðugar.

Þannig að þrátt fyrir að Darkness sé illur í hjarta sínu þá er hann sætasta stelpa á ballinu á tölvuleikjamaarkaðnum um þessar mundir og sú sem ég myndi taka með mér heim.



Ólafur Þór Jónsson



Óvænt og ferskt

Það kemur sárastaldan fyrir að ég fari í kvikmyndahúsin og láti koma mér jafn skemmtilega á óvart og raun bar vitni síðastliðið sunnudagskvöld þegar ég skellti mér á spennumyndina Chronicle. Myndin segir frá þremur drengjum á sínu átján-ánda aldursári sem verða fyrir þeirri undarlegu reynslu að gæðast ofurkröftum. Kraftarnir gera þeim kleift að færa hluti, hvort sem það er Toyota Avensis skut-bíll eða manneskja í yfirvigt, með hugarorku. Drengirnir eru mjög ólíkir hvor öðrum, koma úr ólíkum fjölskyldum og hafa mjög misjafnar hugmyndir um hvernig eigi að nota þessa nýtilkomnu krafta.



Þó svo að það fari vissulega eftir kvikmyndum þá hefur mér alltaf þótt sérstaklega skemmtilegt að fylgjast með söguhetjum uppgötva nýja hæfileika og í þessari mynd er það hreinn unaður. Alveg frá því að þeir öðlast krafta sína í byrjun myndar og fram í blálokinn eru þeir sífellt að leika sér með þá og það er mikið sjónarspil fyrir augað. Mjög vel er staðið að öllum tæknibrellum í myndinni þrátt fyrir að hún hafi kostað tiltölulega lítið miðað það sem gengur og gerist í kvikmynda-bransanum vestanhafs. Eiga hrós skilið Aðalleikararnir þrír eru tiltölulega óþekktir í Hollywood þó svo að það kannist eflaust einhverjir við þá úr sjónvarpsþáttum sem sýndir hafa verið hér á landi. Allir skila þeir sínum hlutverkum á sannfærandi hátt og þrátt fyrir mikla spennu og drama þá er alltaf stutt í grínið hjá drengjunum, sérstaklega þegar þeir eru að flílast saman og leika sér að nýju kröftunum.

Leikstjórinn Josh Trank á hinsvegar mest hrós skilið en þetta er hans fyrsta mynd í leikstjórastólnum. Hann skrifaði einnig handritið að myndinni sem er mjög þétt og heldur manni pikkföstum í sætinu allan tímann.

Ef þú hefur almennan áhuga á kvikmynd með skemmtilegum söguþræði, frábærum brellum og því að vera spenntur fyrir hverju einasta atriði þá er þetta mynd fyrir þig.

Hjálmar Karlsson



CHRONICLE

BOYS WILL BE BOYS.

ÞRÍR SKÓLASTRÁKAR ÖÐLAST OFURKRAFTA
EN HVAD GERIST ÞEGAR REIÐIN NÆR YFIRHÖNDINN?

HÖRKUSPENNANDI MYND
SEM ENGIN MÁ MISSA AF!



HEIMSFUMSÝND Á MORGUN!

SMÁRA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ

KEFLAVÍK SAMBÍÐN

SENDU SMS SKEYTIÐ ESL CHR
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VILTU
VINNA
MIÐA?

9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/CHRONICLE



CHRONICLE

BOYS WILL BE BOYS.

HÖRKUSPENNANDI MYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF!

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL CHR
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

KOMIN Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ BORGAR BÍÓ LAUGARAS BÍÓ KEFLAVÍK SAMBÍÓ

VILTU VINNA MIÐA?

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/CHRONICLE

LOKAPRÓFIÐ

9. febrúar 2012 | skólinn

Ég heiti Erna Dís

Ef ég væri ekki Erna Dís myndi ég helst vilja vera

a) Erna Hrönn, söngkona
b) Gunna Dís, útvarpskona
 c) Þórunn Erna Clausen, leikkona
 d) Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari
 e) _____

Þú veist hver ég er af því að ég er taggaliðs tikin í Morgunþattinum Magsín

Gaurar sem eiga kærustu eiga

a) að passa upp á hana öllum stundum
b) á hverjum degi að segja henni hvað þeir elska hana mikið
c) ekki að vera á Taggaliðs
d) ekki að daðra í síma við aðrar stelpur
 e) borga allt sem stelpuna langar í og á konudaginn eiga þeir að _____

gera a, b, c og d
* Þer spæi

Ég ætla að halda áfram að sanna mig í útvarpinu og verða næsta

a) Sigga Lund.
 b) Sirrý.
 c) Kolla í Bítinu.
d) Andrea Jónsdóttir.
 e) Margrét Blöndal.
f) Erna Dís!

Skemmtilegasti einstaklingurinn í Magsín er

a) Brynjar Már.
 b) Svali.
 c) Þórhallur Þórhalls.
 d) Erna Hrönn.
e) ÉG !!

af því að ég er með þröð.

Ég væri tilbúinn að seya þu mér nýjuna og þessan til að fá frítt sushi til æviloka.

Þegar vinkonur mínar eignast börn skil ég ekkert hvað þær eru að hugsa því

a) ég hef engan áhuga á því að vakna klukkan 6.00 af því að barnið er byrjað að gráta.
b) ég hef engan áhuga á því að kreista melónu út um mitt allra heilagasta.
 c) ég hef aldrei verið mikill aðdáandi skítugra bleyja.
 d) þau verða síðan unglingar... gna semi fullbroið fólk er fínt!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Scarlett Johansen til að leika mig en líklega yrði það samt Drew Barrymore

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Hvað varð um gamla Cocoa Puffs?

Ég fæ klígju við tilhugsunina um að fara í sund, af því að 99% af fólkinu pissar í laugina

Ég þoli ekki Alfija Cocoa Puffs! Hvað er málið með þá? Síðasta sms sem ég fékk var frá tybori og í því stóð: hahaha frænka frænka ;)

Síðast en ekki síst

» Trausti Stefánsson, Íslandsmethafi í 400 m hlaupi, fílar:

Kvikmynd: Anchorman verður alltaf fyndnari og fyndnari með hverju skiptinu en Klövn: The movie er sú mynd sem hefur komist næst því að fá mig til að æla úr mér líffærum sökum hláturs. Geri ekki upp á milli þeirra.

Þáttur: Sjónvarpsþátturinn Survivor ber höfuð og herðar yfir annað sjónvarpsfni. Flestir horfðu bara á fyrstu 2 seríum en ég er að pissa í mig af spenningu yfir 24. seríu sem hefst í febrúar.

Bók: Ég er rosalega lítill bókaormur en ég komst í gegnum The Book of Basketball eftir Bill Simmons sem er 700 blaðsíður að lengd. Hefði aldrei nennt því nema hún væri svona fánlega skemmtileg og fræðandi.

Plata: Blue Lines með Massive Attack. Mjög erfitt að takmarka sig við eina plötu, en þessi hefur verið í upphaldi hjá mér í mörg ár og verður aldrei þreytt.

Vefsíða: Þar sem ég er NBA-fíkill gæti ég nefnt óteljandi margar síður sem fjalla um deildina. Ætla að gefa tveimur íslenskum síðum hrós mitt fyrir framúrskarandi skemmtun og rusl. blogspot.com og ruslid.blogspot.com

Staður: Barcelona er stórfengleg borg í alla staði. Það væri draumur að prófa að búa þarna, æfa við toppaðstæður og ég tala nú ekki um að geta farið reglulega á Camp Nou að fylgjast með snillingunum í FC Barcelona.

NEMENDAMÓTSNEFND VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS 2011-2012 KYNNIR:

AUSTURBÆR
Sýnt í Austurbæ

ED MALONE

Sýningin sem allir hafa beðið eftir

09.02.12 - Fimmtudagur kl 20:00
12.02.12 - Sunnudagur kl 14:00
12.02.12 - Sunnudagur kl 20:00
13.02.12 - Mánudagur kl 20:00

16.02.12 - Fimmtudagur kl 20:00
18.02.12 - Laugardagur kl 14:00
18.02.12 - Laugardagur kl 18:00

Aðeins 2.200 kr.

*Ath einungis þessar sýningar

Lifandi hljómsveit og grípandi dansatriði!

Leikstjóri: Gunnar Helgason

Danshöfundur: Stella Rósenkranz

Tónlistarstjórn: Þórður Gunnar Þorvaldsson & Valdimar Kristjánsson

Miðasala á midi.is

HÁSKÓLA
DAGURINN



HÁSKÓLA
DAGURINN 2012



YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BODI HÁSKÓLADAGURINN 18. FEBRÚAR KL. 12.00-16.00

Í Háskólabíó verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands, Keili og Listaháskóla Íslands. Einnig verður þar kynning á háskólanámi í Danmörku og Svíþjóð, sjá nánar á www.danmark.is.

Í Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíó verður kynning á námi við Háskóla Íslands.

Háskólinn á Bifröst kynnir námsframboð í Norræna húsinu.

Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands kynna námsframboð sitt í húsakynnum HR í Nauthólsvík.

Háskóladagurinn um land allt:

Egilsstaðir: Kynning í ME 6. mars

Akureyri: Kynning í VMA 7. mars

Selfoss: Kynning í FSU 8. mars

Ísafjörður: Kynning í MÍ 14. mars

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á www.haskoladagurinn.is og á [facebook](https://www.facebook.com/haskoladagurinn).